

11. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.

Hótel Hamar, 7. mars 2008 kl. 13:30.

Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Jón Pálma Pálsson sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara. Samþykkt.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins grænt bókhald.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
7. Lagabreytingar
8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Í upphafi kannaði fundarstjóri lögmati fundarins og var hann lögmætur.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru:

Kristinn Jónasson

Arnheiður Hjörleifsdóttir

Finnbogi Rögnvaldsson

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann fór m.a. yfir afkomutölur félagsins. 8 stjórnarfundnir voru haldnir á árinu. Hann fór yfir rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum. Í febrúar árið 2007 var samningi við Gámaþjónustuna um rekstur staðarins sagt upp og eftir vandlega skoðun var sú ákvörðun tekin í ágúst sl. að taka yfir reksturinn. Var Þorsteinn Eyþórsson ráðinn til starfa sem umsjónarmaður staðarins og með honum starfar Ólafur Sigurðsson en hann var áður starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur í Borgarnesi. Guðbrandur þakkaði Gámaþjónustunni farsælt samstarf í gegnum árin.

Formaður fór yfir þau fokvandamál sem alltaf er glímt við á urðunarstaðnum. Létt efni eins og plast er alltaf erfitt við að eiga. Yfirstandandi vetur hefur verið stormasamur og hvassviðri afar tíð. Í athugun er hjá VST endurhönnun á foknetinu og einnig er til skoðunar að setja upp sérstakar aukagirðingar sem taka við því rusli sem sleppur í genum aðal netið.

Sorpmagn minnkaði í fyrsta skipti á milli ára. Á árinu 2007 bárust 11.266 tonn af úrgangi á móti 12.898 árið 2006. Sagði formaður þetta vonandi vísbendingu um að endurvinnsla ákveðinna úrgangsflokka væri að aukast þó of snemmt væri að fullyrða nokkuð um slík að svo stöddu. Hann fór yfir niðurstöður mengunarmælinga sem eru langt innan viðmiðunarmarka.

Ráðinn hefur verið sérstakur starfsmaður sveitarfélaganna til að sinna hagsmunagæslu í úrgangsmálum og hefur hann starfsaðstöðu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Guðbrandur sagði mörg viðfangsefni bíða sveitarfélaganna á komandi árum og hefði þess vegna þótt ástæða til að ráða starfsmann til að sinna hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin.

Formaður gerði ítarlega grein fyrir vinnu verkefnisstjórnar sorpsamlaganna á Suðvesturhorni landsins og þeim tillögum að framtíðarlausnum í sorpmálum sem stjórnir sorpfyrirtækjanna fjögurra hafa nú samþykkt og liggja nú fyrir sveitarstjórnnum til samþykktar. Hann sagði frá skýrslu um niðurstöður ráðgjafa um meðhöndlun lífræns úrgangs og urðunarstaði sem kynnt var stjórnnum sorpsamlaganna vorið 2007. Skýrslan var síðar kynnt sérstaklega á haustdögum 2007 fyrir sveitar- og bæjarstjórum á fundi sem haldinn var í Grundarfirði og síðar á aðalfundi SSV í september. Flest sveitarfélög á Vesturlandi hafa nú samþykkt erindi stjórnar frá því í janúar 2008 en ekki öll. Sagði formaður það val hvers og eins sveitarfélags hvort þau vildu

standa utan við þær sameiginlegu lausnir sem valdar yrðu en það yrði þá óhjákvæmilegt fyrir viðkomandi að gera svæðisáætlun fyrir sig til að uppfylla skilyrða laga nr. 55/2003. Hann sagði það miður ef ekki næðist að hafa öll sveitarfélög með í þeirri lausn sem tillagan gengur út á því hann tryði því að samstarf og samvinna um þessa hluti yrði hagkvæmast bæði fyrir einstök sveitarfélög sem og heildina. Sú vinna ráðgjafa sem lægi nú fyrir væri að sínu mati afar faglega unnin.

Að lokum þakkaði Guðbrandur samstarfsfólki og sorpverktökum bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu.

2. Ársreikningar félagsins.

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Niðurstaða rekstrarreiknings er 14.905.507 kr. hagnaður. Heildartekjur ársins 2007 voru 53 millj.

kr. Afskriftir ársins voru 1.295 þús. kr.

Heildareignir eru 81,2 milljónir, skuldir 31,5 millj. og eigið fé 49,7 millj. kr.

Hrefna sagði frá skýrslu um grænt bókhald Sorpurðunar Vesturlands hf. sem liggur nú fyrir vegna ársins 2007 og er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar og SSV.

Framkvæmdastjóri fór yfir grænt bókhald fyrirtækisins.

Fundarstjóri bar upp reikningana félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða.

Fundarstjóri bar upp skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins og var hún samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Greiðslur fyrir fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 32.504 aðrir 3% kr. 16.252. Greiðslur fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum RSK.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu um 10% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2007 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Kristinn Jónasson flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Gunnólfur Lárusson.

Kristinn Jónasson

Sigríður Gróa Kristjánsdóttir

Guðbrandur Brynjúlfsson

Sæmundur Víglundsson

Bergur Þorgeirsson.

Sigríður Finsen.

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Tillaga til aðalfundar varðandi lagabreytingu.

Feitletrun viðbót við 3. grein laganna.

Hluthafafundur getur samþykkt aukningu hlutfjár í félaginu. Hluthafar eiga forkaupsrétt að hlutafé í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína í félaginu. „**Sérhver yfirfærsla eignarhluta í félaginu til einkaaðila er óheimil, og skulu gerningar um það ekki hafa gildi gagnvart hlutaskrá félagsins.**“ Að öðru leyti fara kaup á hlutafé eftir þeim reglum sem stjórn félagsins ákveður á hverjum tíma í samráði við löglegan boðaðan fund í félaginu.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar. Engin.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fundarritari, Hrefna B. Jónsdóttir